

Erindisbréf fyrir innviðanefnd Grindavíkurbæjar

Á fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 27. ágúst 2024 var gerð breyting á samþykkt um stjórn og fundarsköp Grindavíkurbæjar, nr. 530/2022. Í henni felst m.a. að stofnuð er innviðanefnd, sem mun starfa til loka yfirstandandi kjörtímabils sveitarstjórnar. Nefndin fer með verkefni skipulagsnefndar og hafnarstjórnar, að því leyti sem þau eru ekki falin öðrum.

Nefndin er skipuð þremur aðalmönnum og varamenn eru jafn margir.

Bæjarstjórn felur innviðanefnd að móta starfshætti sína. Áhersla verði á eftirfarandi þætti:

1. Að fylgjast með framkvæmd löbundinna verkefna sem falla undir málefnasvið nefndarinnar. Í því getur falist að styðja við starfsfólk Grindavíkurbæjar eftir því sem þörf er á og beita sér fyrir úrbótum ef misbrestur er á, svo sem með tillögum til bæjarstjórnar og annarra stjórnvalda þegar við á.
2. Að taka ákvarðanir um mál sem falla undir fullnaðarákvarðanir nefndarinnar, sbr. viðauka 1.1 við bæjarmálasamþykkt.
3. Að gæta að hag Grindvíkinga sem hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna náttúruhamfara og fyrirtækja í Grindavík m.a. með áherslu á nauðsynlegt viðhald innviða, tryggt aðgengi og öryggi.
4. Að stuðla að skýrri framtíðarsýn fyrir Grindavík að loknum náttúruhamförum.
5. Að vera til ráðgjafar við bæjarstjórn um málefni sem tengjast málefnasviði nefndarinnar, þar á meðal um um málefni brunavarna, framkvæmdir, veitur og eignamál.
6. Að vera til ráðgjafar fyrir framkvæmdateymi og fylgjast með framkvæmd verkefna við innviði í Grindavíkurbæ.
7. Að vinna að öðrum verkefnum sem bæjarstjórn felur nefndinni.

Við framkvæmd verkefna skal nefndin leitast við að eiga gott samstarf við framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavík og önnur stjórnvöld og samstarfsaðila eftir því sem við á.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn 24. september 2024

Fylgiskjal: Yfirlit um verkefni skipulagsnefndar og hafnarstjórnar samkvæmt bæjarmálasamþykkt og hafnarreglugerð

1. Verkefni skipulagsnefndar:

A. Lögbundin verkefni nefndarinnar, sbr. 48. gr. bæjarmálasamþykktar:

Nefndin annast eftirtalda málaflokka ef verkefni hafa ekki verið falin öðrum:

1. Skipulagsmál, sbr. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
2. Byggingarmál, sbr. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
3. Umhverfismál, þar með talin:
 - a. gróðurvernd sbr. lög um landgræðslu nr. 155/2018,
 - b. úrgangsmál sbr. lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003,
 - c. verkefni náttúruverndarnefndar, sbr. 14. gr. laga nr. 60/2013,

- d. umferðarmál, sbr. umferðarlög nr. 77/2019 og vegalög nr. 80/2007.

B. Fullnaðarafgreiðslur skipulagsnefndar, sbr. 2. gr. viðauka 1.1 við bæjarmálasamþykkt:

Skipulagsnefnd afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010 án staðfestingar bæjarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. Ákvörðun um hvort að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi til samræmis við innkomin erindi með vísan til 38. gr. skipulagslaga.
2. Samþykkt og kynning lýsingar deiliskipulags samkvæmt ákvæðum, sbr. 1.-3. mgr. 40. gr. skipulagslaga.
3. Ákvörðun um og samþykkt óverulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
4. Ákvörðun um hvort að við útgáfu á framkvæmda- eða byggingarleyfi sé heimilt að víkja frá kröfum um breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
5. Ákvörðun samkvæmt 44. gr. skipulagslaga um útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis þar sem deiliskipulag er ekki í gildi en framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.
6. Ákvörðun um heiti á götum, vegum, torgum og hverfum samkvæmt 47. gr. skipulagslaga.
7. Ákvarðanir samkvæmt 48. gr. skipulagslaga um skiptingu landa og lóða.
8. Ákvörðun um samþykkt á framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga þegar deiliskipulag liggur ekki fyrir.
9. Ákvörðun um að staðfesta stöðvun skipulagsfulltrúa á framkvæmdum sem hafnar eru án framkvæmdaleyfis, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi, sbr. 53. gr. skipulagslaga.
10. Skipting á lóðum sbr. 48. gr. skipulagslaga.
11. Ákvörðun um að beita dagsektum í samræmi við 54. gr. skipulagslaga.
12. Samþykkja byggingaráform fyrir breytingum á atvinnuhúsnæði sem samræmist skipulagi.

2. Verkefni hafnarstjórnar:

1. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn hafnarmála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra. Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.
2. Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

3. Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilegri hafnarstarfsemi.
4. Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn.